

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og skattanefnd**  
**b/t Eiríks Áka Eggertssonar**  
**nefndarritari**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 9. mars 2011.

Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna (314. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér lög sem kveða á um reglulegar rannsóknir á stöðu heimilanna í landinu.*

Viðskiptaráð fagnar viðleitni til aðgerða til stuðnings heimila í landinu. Skuldastaða margra þeirra er mjög slæm og eiginfjárstaða oft á tíðum neikvæð. Þá er atvinnuleysi enn umtalsvert og svo virðist sem fólk sé farið að missa að mörgu leyti þrótt að því er virðist, en dregið hefur úr greiðsluvilja. Til þess að geta brugðist við þeim vanda sem blasir við er nauðsynlegt að geta metið hversu umfangsmikill hann er og hvers eðlis.

Sú rannsókn sem ofangreint frumvarp leggur til er liður í þessari viðleitni til aðgerða. Með því að geta haft raunverulegt mat á stöðu heimilanna í landinu hverju sinni má bregðast við með þeim hætti sem þarf.

Gæta verður ávallt að meðferð upplýsinga eins og þeirra sem aflað er með ofangreindri rannsókn og er tekið á því í frumvarpinu. Eins er nauðsynlegt að gott samstarf sé með Persónuvernd og ýtrustu varúðar sé gætt í allri vinnslu gagna.

*Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga*

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands